

**Ed.**

**891. Nefndarálit**

[124. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og mælir með samþykkt þess með svofelldri

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til akstursípróttá án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íprótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíprótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursípróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

Bragi Sigurjónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1978.

Ingi Tryggvason,  
form., frsm.

Oddur Ólafsson,  
fundaskr.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Jón G. Sólnes.

Geir Gunnarsson.

Halldór Ásgrímsson.